

Aðalfundur foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness 29.04.2009

Fundarstjóri var kosinn Erlendur Gíslason og fundarritari Ragnheiður Ævarsdóttir

1. Baldur Grétarsson flutti skýrslu fulltrúa foreldra í skólaráði. Ræddi hann þær breytingar sem urðu á síðasta ári þegar foreldraráð var lagt niður og skólaráð stofnað við skólann. Ákveðið var að verkefni þau sem foreldraráð hafi umsjón með flytjist til foreldrafélags sem sér um að skipa fulltrúa foreldra í skólaráð.
2. Arna Hansen flutti skýrslu foreldrafélags og sagði frá helstu viðburðum vetrarins. Mikil ánægja hefur verið með breytt fyrirkomulag á öskudag sem var ekki frídagur að þessu sinni. Töluverð umræða skapaðist vegna eineltismála og var mikill áhugi meðal þeirra foreldra sem mættir voru að skólinn tæki upp Olveusaráætlun í eineltismálum. Rætt var um að eineltismál virðast viðvarandi hjá 10-12 ára nemendum og rætt var um ábyrgð kennara í þessu sambandi. Rætt var um að gögn væru að skila sér seint milli skólastiga. Einnig minntist tvíburamóðir á að misjafnt virðist vera hvað sé kennt milli bekkja í sama árgangi og þyrfti að samræma það betur. Einnig kom upp umræða að sinna betur mismunandi þörfum barna og þá líka þeim sem gengur vel í skóla.
3. Erla Gísladóttir fór yfir ársreikning félagsins. Lagt var til að reyna að minnka kostnað vegna seðilgjalda.
4. Kosning stjórnar. Guðrún, Erla, Sigurlaug og Solveig sitja áfram í stjórn og nýir voru kosnir inn Sigríður Sigmarsdóttir sigga@xnet.is, Hrefna Birna Björnsdóttir hrefnab@vesturbæjarskoli.is og Anna María Hauksdóttir amh@avh.is
5. Rætt var um að það þyrfti að fara yfir lög félagsins vegna breytinga á foreldraráði og foreldrafélagi fyrir næsta aðalfund.
6. Önnur mál. Foreldrarölt kom til umræðu – Margrét fræddi okkur um að a.m.k. 2 helgar hefðu fallið niður í vetur. Einnig er komið nýtt þjófavarnarkerfi í Valhúsaskóla og hentar því ekki lengur að foreldrar hafi samastað þar. Þarf að finna lausn á því í samvinnu við skóla.
7. Margrét frá Selinu hélt fyrirlestur um forvarnarstarfið sem er í gangi í bæjarfélaginu og upplýsti okkur um að verið er að útbúa bækling sem verður dreift til foreldra.